

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu
b/t Rúnar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 23. ágúst 2019
UST201907-123/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Skálasvæði á afrétti í Hrunamannahreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 14. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir tíu fjallaskála á afrétti Hrunamannahrepps, auk breytingar á gildandi deiliskipulagi Kerlingarfjalla.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að þær tillögur sem eru hér til umfjöllunar liggja margar hverjar að ám og telur stofnunin mikilvægt að rask á bakkagróðri verði sem allra minnst. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Ásýnd


Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í lýsingu að mikilvægt sé að allar byggingar falli vel að umhverfinu eins og kostur, en í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segi að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.*“



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefansson
sérfræðingur